



Reykjavík, 2. janúar 2025

USK24110150

## UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa umhverfisgæða, deild náttúru og garða

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 13. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að friðlýsingarmörk í Grafarvogi verði samþykkt vegna þess að Umhverfisstofnun, ALTA ráðgjafar o.fl. hafi sagt að Grafarvogur fyrir innan Gullinbrú sé ein af mestu náttúruperlum Reykjavíkur og fuglalíf þar og leirur einstakar. Umhverfisráðherra hefur lagt til að friðlýsing svæðisins verði færð frá fjöru og upp að göngustíg, auk þess sem leirur í austri upp Grafarlæk yrðu friðaðar. Nú stendur aðeins á borginni. Í meirihlutanum er flokkar sem hafa lagt mikið upp úr því að vera umhverfisvænir svo þeim er ekkert að vanbúnaði.*

Tillöggunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, deild náttúru og garða

### Umsögn:

Það var að frumkvæði borgarinnar 2021 að óskað var eftir við Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytið að hafið yrði formlegt ferli um friðlýsingu Grafarvogs ásamt Blikastaðakró og þangfjörusvæði í Skerjafirði. Í rökstuðningi kom fram að Grafarvogur er einn af fáum óspilltum leirusvæðum innan borgarmarkana og er alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfuglategunda og er einnig mikilvægur fæðuöflunarstaður fugla allt árið um.

Samstarfshópur var skipaður og eftir að Blikastaðakró-Leiruvogur var friðlýstur 22. sept. 2022 var vinnu haldið áfram vegna friðlýsingar Grafarvogs. Stuðst var við afmörkun í tillögu Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruinjaskrár þar sem mörkin liggja ofan við fjörumörkin enda sneri tillagan að friðlýsingu leirunnar í Grafarvogi.

Vinna við friðlýsingu var í eðlilegu ferli, búið að auglýsa áform um friðlýsingu í samræmi við málsmeðferð 2. og 3. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna og fara yfir athugasemdir. Vinna var svo hafin við að skrifa friðlýsingartexta.

Það var því nokkuð óvænt að tillaga kom frá ráðherra í tölvupósti í júní 2023 um að stækka svæðið, upp að stíg að norðanverðu og upp að lóðarmörkum að sunnanverðu og svo upp með Grafarlæknum með rökstuðningnum „enda svæðið eitt af grænum svæðum í borginni. Með stækkun svæðisins mun það einnig ná yfir jökulmenjar og menningarminjar á svæðinu sem eykur við útivistar og fræðslugildi þess og hefur Minjastofnun bent á að taka þurfi tillit til menningarminja.“



Reykjavík



Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 13. des. 2023 var samþykkt að umhverfis og skipulagsráð mæli með að haldið verði áfram með þau áform um friðlýsingu Grafarvogs sem lagt var upp með en ráðið leggist gegn tillögu ráðuneytisins um stækkun marka friðlýsingarsvæðisins upp með Grafarlæk.

Í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, sem ráðið tók undir, segir að eðlilegt sé að skoða betur hversu langt mörkin ættu að ná upp á land til að hafa jaðarsvæði eins og kemur fram í umsögn NÍ um tillögu ráðherra. Eðlilegt er síðan að hugað verði betur að vernd Grafarlækjar í tengslum við gerð skipulags fyrir Keldnalandið.

Það er því alls ekki rétt að það standi á borginni. Boltinn er hjá Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um að halda áfram vinnu við friðlýsingu Grafarvogs sem ráðherra stöðvaði í júní 2023.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillögunni verði vísað frá.

Virðingarfyllst,  
Þórólfur Jónsson  
*Umhverfis- og skipulagssvið  
deild náttúru og garða*

